

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins
febrúar 2016

Skýrsla um tilefni og málsmeðferð
vegna vantrausts stjórnar
á formann félagsins
sem samþykkt var á
fundi stjórnar þann
22. september 2015

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Gestur Páll Reynisson

Helga Baldvins og Bjargardóttir

Salvör Nordal

Starfsmaður nefndar

Gunnar Rúnar Matthíasson

Formáli:

Á fjölmennum félagsfundi Blindrafélagsins þann 30. september 2015 var ákveðið að setja á stofn sannleiksnefnd, skipaða utanaðkomandi einstaklingum til að fara yfir og skila skýrslu um þann mikla ágreining sem upp var kominn innan félagsins. Ágreiningurinn snérist um vantraustsyfirlýsingu stjórnar á formann í kjölfar upplýsinga um fjárhagsleg viðskipti formanns við yngri félagsmann sem jafnframt er varamaður í stjórn Blindrafélagsins.

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins var skipuð og henni sett erindisbréf dagsett 21. október 2015. Í nefndinni tóku sæti Gestur Páll Reynisson stjórn mála- og stjórnsýslufræðingur, Helga Baldvins og Bjargardóttir lögfræðingur og sérfræðingur í málefnum fatlaðs fólks hjá Stígamótum og Salvör Nordal forstöðumaður Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands. Starfsmaður nefndarinnar var ráðinn Gunnar Rúnar Matthíasson sjúkrahúsprestur við Landspítala.

Í erindisbréfinu er hlutverk nefndarinnar tilgreint á eftirfarandi hátt:

Sannleiksnefndin hefur það hlutverk að fara yfir og leggja mat á öll gögn tengd atvikum, sem leiddu til þess að meirihluti stjórnar og varastjórnar Blindrafélagsins lýsti yfir vantrausti á Bergvin Oddsson, formann félagsins þann 22. september.

Sannleiksnefndin skal skila álitu sínu og tillögum til stjórnar og félagsmanna Blindrafélagsins í tíma fyrir næsta aðalfund.

Niðurstöður sannleiksnefndarinnar skulu kynntar félagsmönnum á félagsfundi sem haldinn verði fyrir aðalfund 2016.

Jafnframt skal nefndin taka viðtöl við þá málsaðila sem hún telur tilefni til að ræða við og bjóða þeim sem svo kjósa að gera

grein fyrir sjónarmiðum sínum með skriflegum hætti treysti þeir sér ekki til að mæta í viðtöl.

Nefndin tók til starfa og átti sinn fyrsta fund með Halldóri Sævari Guðbergssyni, þá starfandi formanni Blindrafélagsins, Bergvini Oddssyni kjörnum formanni Blindrafélagsins sem þá var kominn í leyfi og Ómari Kristmundssyni prófessor við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands sem var stjórninni til ráðgjafar við að skilgreina starf sannleiksnefndar. Skipan nefndar og erindisbréf var kynnt á heimasíðu Blindrafélagsins þann 22. október 2015 og í 20. tölublaði *Valdra greina*, útgáfu Blindrafélagsins 2. nóvember 2015. Þar var einnig kynnt netfang nefndarinnar, sannleiksnefnd@blind.is og símanúmer starfsmanns hennar til að greiða fyrir aðgengi félagsmanna að nefndinni.

Sannleiksnefndin byrjaði á því að viðá sér gögnum um málið, kynna sér starf Blindrafélagsins, stjórnskipulag og sögu umliðinna ára. Auk netfangs nefndarinnar hjá Blindrafélaginu ákvað nefndin að gefa einnig upp vinnunetfang starfsmanns nefndarinnar eftir að ósk barst um að félagsmenn gætu haft samband við nefndina og sent henni efni án þess að það færi um netþjón félagsins. Nokkrir félagsmenn nýttu sér þá leið til að koma efni og athugasemdum sínum á framfæri. Nefndin sendi tölvubréf til allra félagsmanna Blindrafélagsins, þann 11. nóvember og var það lesið og birt í 21. tölublaði *Valdra greina* sem út kom 16. nóvember 2015. Þar kynnti nefndin fyrirhugaða viðtalsdaga með svofelldum hætti: „Nefndin kallar eftir því að þeir félagsmenn sem óska að koma á fund nefndarinnar, og hafa ekki þegar sent nefndinni erindi þar um, geri það sem fyrst. Sömuleiðis óskar nefndin eftir því að þeir félagsmenn sem óska að gera skriflega grein fyrir máli sínu sendi nefndinni erindi sín og greinargerðir sem fyrst.“

Nefndin tók viðtöl dagana 3.-5. desember og 8. og 9. desember 2015, við málsaðila og aðra þá sem óskað höfðu eftir því að koma á fund hennar. Þá átti nefndin fundi með nokkrum málsaðilum í lok janúar 2016. Viðtölin fóru fram í húsnæði Blindrafélagsins við Hamrahlíð. Öll viðtöl voru hljóðrituð og vann starfsmaður samantekt úr hverju viðtali. Samantektir, hljóðskrár og öll önnur gögn sem nefndinni voru send eða hún aflaði sér voru vistuð á lokuðu netvinnusvæði sem nefndin kom sér upp utan Blindrafélagsins og nefndarmenn höfðu einir aðgang að í gegnum tölvur sínar. Á sama veg hefur verið farið með öll vinnuskjöl nefndarinnar og tölvupósta og greinargerðir sem henni hafa borist. Eins og tekið var fram við alla viðmælendur verður þessum gögnum eytt þegar nefndin hefur lokið störfum svo aðeins stendur eftir þessi skýrsla nefndarinnar.

Viðtölin voru mikilvægur þáttur í gagnaöfluninni en viðmælendur nefndarinnar urðu alls 22 og voru eftirfarandi í stafrófsröð: Baldur Snær Sigurðsson, Bergvin Oddsson, Bryndís Snæbjörnsdóttir, Daníel Ísebarn Ágústsson, Guðmundur Ágústsson, Guðmundur Rafn Bjarnason, Margrét Guðný Hannesdóttir, Gyða Eyjólfsdóttir, Halldór Sævar Guðbergsson, Jónína Sif Axelsdóttir, Kristinn Halldór Einarsson, Lilja Sveinsdóttir, María Hauksdóttir, Oddur Magni Guðmundsson, Ólafur Þór Jónsson, Patrekur Andrés Axelsson, Páll Rúnar Mikael Kristjánsson, Rósa María Hjörvar, Rósa Ragnarsdóttir, Sigtryggur Rósmar Eypórsson, Steinunn Helgu Hákonardóttir og Sveinn Lúðvík Björnsson. Auk þess átti starfsmaður nefndarinnar fund með Theodóri S. Sigurbergssyni.

Við ritun þessarar skýrslu leitaði sannleiksnefndin víða fanga, ber helst að nefna fundargerðir stjórnar, skýrslur formanns og framkvæmdastjóra auk greinargerða sem nefndinni bárust. Auk þess

fékk nefndin aðgang að tölvupóstum og rekstrargögnum í tengslum við Fasteignafélagið Hnjúk. Fræðiverk um starfsemi og þróun félagasamtaka á Íslandi voru höfð til hliðsjónar við umfjöllun um stjórnskipulag og stjórnarhætti.

Til þess að nefndin næði greinargóðri innsýn í þau mál sem henni var falið að fjalla um aflaði nefndin einnig frekari gagna frá aðilum sem málsaðilar höfðu vísað til eða nefndin taldi mikilvægt að fá upplýsingar frá til að geta gengið frá skýrslu sinni sem ákveðið var að kynna á almennum félagsfundi þann 9. febrúar 2016. Fyrir þann fund var meginmál skýrslunnar fengið helstu málsaðilum í hendur til yfirlstrar og skýrslan í heild sinni síðan birt á heimasíðu félagsins bæði sem ritaður texti og sem hljóðskrá þann 8. febrúar.

Blindrafélagið:

Blindrafélagið var stofnað árið 1939 af 10 blindum einstaklingum og þremur sjáandi einstaklingum sem áttu aukaaðild að félaginu. Samsetning félagsins sýndi að frá upphafi var ábyrgð félagsins í höndum blindra sjálfra. Blindrafélagið hefur frá upphafi unnið að því að auka sjálfstæði og virkni blindra á Íslandi og jafnframt staðið með öðrum félags- og hagsmunasamtökum einstaklinga sem glíma við sjúkdóma og skerta færni.

Blindrafélagið hefur áunnið sér styrkan sess meðal þjóðarinnar og nýtur bæði virðingar og velvildar almennings sem samtök blindra og sjónskertra á Íslandi. Það hefur styrkt og eflt blinda til þátttöku í atvinnu, félagsstörfum og menntun á öllum skólastigum, frætt þjóðina og unnið gegn fordómum varðandi blindu og alvarlega sjónskerðingu. Í krafti þessa starfs þekkja nú allir landsmenn til hvíta stafsins og eru meðvitaðir um þátttöku blindra í samfélaginu. Vitund landsmanna um starf Blindrafélagsins endurspeglast einnig í skoðanakönnunum. Samkvæmt könnun Capacent Gallup frá árinu

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 5 af 51

2014 mældist mjög mikil ánægja með störf og ímynd Blindrafélagsins út á við, en yfir 90% aðspurðra sögðust líta félagið jákvæðum augum. Þegar viðhorf félagsmanna sjálfra eru skoðuð kemur í ljós að um 95% félagsmanna töldu Blindrafélagið standa sig mjög vel í hagsmunagæslu fyrir þeirra hönd. Sömu sögu er að segja um viðhorf til þjónustu félagsins, en í sömu könnun sögðust 92,4% ánægð með hana en aðeins 1,3% óánægð. Þess má geta að í sömu könnun kom fram að mikilvægasta þjónustan að mati svarenda er: rekstur hljóðbókasafns, ferðaþjónusta, hjálpartækja-þjónusta og sú persónulega ráðgjöf, sem boðið er upp á.

Innan vébanda Blindrafélagsins, sem er til húsa í Hamrahlíð 17 í Reykjavík, er í dag rekin viðamikil starfsemi sem þegar allt er saman talið hefur ársvelt upp á um 430 milljónir króna. Þar af um 210 milljónir í Blindrafélaginu sjálfu, 140 milljónir í Blindravinnustofunni og 80 milljónir í ferðaþjónustu Blindrafélagsins sem félagið rekur í samstarfi við Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélög. Í húsnæði félagsins starfrækir ríkið síðan Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga. Þá eru þar einnig læknastofur, sjóntækjaverslun, nuddstofa og Blindravinnustofan. Þar er einnig skrifstofa félagsins og aðstaða fyrir félagsstarfssemi þess auk mötuneytis og íbúða fyrir félagsmenn.

Samkvæmt uppfærðu félagatali sem sannleiksnefndin fékk undir lok árs 2015 taldi félagið 672 félagsmenn og er meðalaldur félagsmanna um eða yfir 78 ár. Hár meðalaldur ræðst af því hve margir fá alvarlega sjónskerðingu á efri árum og þar með rétt til aðildar að Blindrafélaginu. Á vegum félagsins er rekin félagsstarfsemi fyrir ólíka aldurshópa og þar starfa nú ýmsar deildir, auk annarra klúbba, starfshópa og nefnda.

Stjórnskipulag Blindrafélagsins

Æðsta vald Blindrafélagsins liggur hjá félagsmönnum þess í gegnum aðal- og félagsfundum. Samkvæmt gildandi lögum Blindrafélagsins kjósa félagar fimm manna stjórn en daglegur rekstur er í höndum framkvæmdastjóra sem ráðinn er af stjórn. Auk þessara aðila er heimilt samkvæmt lögum félagsins að starfræktar séu deildir er sinni félagsstarfi og hagsmunamálum tiltekinna hópa félagsmanna. Umræddir hópar starfa þó eingöngu í umboði stjórnar og skal setja sérstaka reglugerð um starfsemi þeirra.

Þótt aðild að frjálsum félagasamtökum geti réttilega takmarkast við ákveðna þætti, við stig skilgreindrar sjónskerðingar eins og í tilviki Blindrafélagsins, er gengið út frá því að um sé að ræða lýðræðislega stjórnskipun. Í tilfalli Blindrafélagsins hafa allir meðlimir þess atkvæðisrétt í kjöri stjórnar á aðalfundi en einnig þegar aðrar ákvarðanir eru teknar á félagsfundum. Stjórn félagsins, starfar í umboði allra félagsmanna og sækir umboð sitt til aðalfundar. Stjórninni er ætlað að vinna í umboði félagsmanna að hagsmunum þeirra og ræður framkvæmdastjóra til að sinna daglegum rekstri og framfylgja öðrum ákvörðunum stjórnar. Stjórn félagsins og starfsfólk starfar því í umboði og þágu allra meðlima félagsins.

Félagsmenn

Aðild að Blindrafélaginu er skilyrt við skilgreinda sjónskerðingu en í fjórðu og fimmtu greinum laga þess segir orðrétt um rétt til aðildar:

4. gr.

Félagsmaður getur hver sá orðið sem hefur sjón sem nemur 6/18 eða minna, eða hefur sjóngalla eða augnsjúkdóm sem jafna má við greinda sjónskerðingu að mati augnlæknis og greiðir árstíllag til félagsins í samræmi við ákvörðun aðalfundar.

Forráðamenn ólögráða barna sem uppfylla skilyrði til félagsaðildar skv. 1. mgr. fara með félagsleg réttindi og skyldur barnanna. Sama á við um þá félagsmenn sem sökum fjölfötlunar eða af öðrum ástæðum geta ekki sinnt félagslegum skyldum sínum eða gætt hagsmuna sinna.

5. gr.

Aðrir en að ofan greinir geta gerst bakhjarlar Blindrafélagsins og hafa þeir málfrelsi og tillögurétt á félagsfundum. Bakhjarlar félagsins eru kjörgengir til trúnaðarstarfa á vegum félagsins og hafa þá óskoraðan atkvæðisrétt á fundum stjórnna og nefnda sem þeir eru kjörnir til setu í.

Aðalfundur

Æðsta vald í málefnum félagsins er aðalfundur þess en samkvæmt 9. grein laga félagsins eru tíu fastir dagskrárliðir á aðalfundi. Þeir eru:

- a. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á síðastliðnu starfsári.
- b. Afgreiddir reikningar félagsins og sjálfstæðra rekstrareininga þess fyrir næsta ár á undan.
- c. Ákveðið árstíllag félagsmanna og gjalddagi þess.
- d. Kosning formanns félagsins til tveggja ára.
- e. Kosning tveggja aðalmanna og tveggja varamanna í stjórn til tveggja ára, samanber 10. grein
- f. Kosning tveggja skoðunarmanna og jafn margra varamanna til tveggja ára, samanber 10. grein.
- g. Kosning í kjörnefnd.
- h. Lagabreytingar.
- i. Aðalfundur ákveði laun stjórnarmanna.
- j. Önnur mál.

Félagsfundur

Auk aðalfundar er heimilt að boða til almenns félagsfundar með minnst viku fyrirvara komi skriflega um það óskir frá minnst 10 félagsmönnum. Tilgangur félagsfunda er ekki skilgreindur í lögum en almennt er félagsfundum ætlað að ræða og taka afstöðu til ófyrirséðra mála sem hafa meiriháttar áhrif á rekstur eða stöðu félagsins. Líkt og á aðalfundum hafa allir félagsmenn atkvæðisrétt.

Stjórn Blindrafélagsins

Stjórn blindrafélagsins er kjörin á aðalfundi og samanstendur af fimm manna aðalstjórn og fjórum varamönnum. Sú hefð hefur skapast að varamenn sitji alla stjórnarfundi félagsins. Formaður er kjörinn sérstaklega til tveggja ára en þótt kjörtímabil annarra stjórnarmanna sé einnig tvö ár er árlega kosið um tvö sæti aðal- og varamanna. Allir félagsmenn og bakhjarlar félagsins eru kjörgengir til stjórnar. Að frátöldum formanni skiptir stjórn með sér verkum en um er að ræða embætti varaformanns, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda.

Helsta hlutverk stjórnar er að fara með málefni félagsins á milli aðalfunda og að framkvæma ákvarðanir aðal- og félagsfunda. Þá boðar stjórn til aðalfundar og undirbýr hann og hefur umsjón með eignum félagsins. Formanni félagsins ber að boða til stjórnarfunda en kveðið er á um að allar ákvarðanir stjórnar skuli hafa meirihluta hennar á bak við sig.

Formaður Blindrafélagsins

Í frjálsum félagasamtökum er almenna reglan sú að staða formanns felur meðal annars í sér að koma fram fyrir hönd félagsins, stýra stjórnarfundum og leiða stefnumótunarstarf innan stjórnar og

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 9 af 51

félagsins alls. Formannsembættið í Blindrafélaginu er bæði kjörin forysta og launað starf. Samkvæmt upplýsingum frá félaginu hefur það tíðkast að formanni séu greidd laun sem ákveðið hlutfall af fullu stöðugildi framkvæmdastjóra. Starfshlutfallið var 30% lengi vel en var aukið í 50% einhvern tíma fyrir árið 2008. Nefndin fór ekki yfir fundargerðir fyrir þann tíma til að finna nákvæma dagsetningu þess. Í starfslýsingu sem gerð var sumarið 2014 og undirrituð af formanni og gjaldkera félagsins þann 12. júní 2014 voru eftirfarandi hlutverk skilgreind á ábyrgð formanns:

- Að vera talsmaður félagsins á opinberum vettvangi og halda utan um ýmis kynningarmál þess.
- Að bera ábyrgð á undirbúningi, boðun og stjórn stjórnarfunda.
- Að hafa umsjón með styrkumsóknum ásamt framkvæmdastjóra ásamt því að rita bréf um aðildarumsóknir að öðrum félögum.
- Að sjá um að upplýsingar berist til stjórnar er varða fyrirtæki og stofnanir sem Blindrafélagið á stjórnaraðild að og önnur upplýsingagjöf berist með skilvirkum hætti til félagsmanna.
- Að sjá um skipulagningu og samstarf við erlenda samstarfaðila og þau alþjóðafélög sem félagið á aðild að.
- Að vera til viðtals á fyrirfram auglýstum viðtalstímum.

Í umræddri starfslýsingu er enn fremur fjallað um verkaskiptingu á milli formanns og framkvæmdastjóra. Þar segir orðrétt að:

Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri geta falið hver öðrum einstök verk í forföllum. Framkvæmdastjóri sér að öðru leyti um daglega stjórnun og starfsmannahald og formaður um félagslegt starf.

Auk launa formanns greiðir félagið aksturs- og ferðakostnað, farsíma og tölvutengingu. Að loknum ráðningartíma eru formanni greidd

þriggja mánaða biðlaun (Starfslýsing og starfshlutfall formanns Blindrafélagsins, júní 2014.).

Framkvæmdastjóri Blindrafélagsins

Samkvæmt 14. gr. laga Blindrafélagsins ræður stjórn framkvæmastjóra og hefur eftirlit með störfum hans. Í sömu grein eru verkefni framkvæmdastjóra tilgreind sem umsjón með daglegum rekstri og starfsmannahald í umboði stjórnar. Í öðrum greinum laganna má finna frekari útlistun á skyldum framkvæmdastjóra svo sem að halda utan um bókhald og að leggja fram endurskoðaða reikninga að minnsta kosti tveimur vikum fyrir aðalfund. Ekki er fjallað í lögum félagsins um ábyrgð, hlutverk eða seturétt framkvæmdastjóra á stjórnarfundum nema að kveðið er á um það í 13. gr. laga félagsins að framkvæmdastjóri skuli ásamt stjórn félagsins staðfesta fundargerðir stjórnar. Almennt er það viðtekin venja og í anda góðra stjórnarháttanna innan langflestra skipulagsheilda að framkvæmdastjóri eða sambærilegur starfskraftur sitji stjórnarfundum eins og tíðkast hefur hjá Blindrafélaginu.

Laun framkvæmdastjóra námu við ráðningu 750 þúsund krónum á mánuði auk yfirvinnu og fríðinda (gsm kostnaður, heimilistenging tölvu, og ferðakostnaður) og taka breytingum samkvæmt kjarasamningi VR. Þau nema nú, 1. febrúar 2016 kr. 847.131,- og eru laun formanns ákvörðuð sem 50% hlutfall af þeim eins og fram kemur hér á undan.

Annað starfsfólk Blindrafélagsins

Eins og áður er getið er starfsmannahald Blindrafélagsins nokkuð umsvifamikilið ef miðað er við félagasamtök á Íslandi. Alls starfa 19 einstaklingar í 13,15 stöðugildum á vegum félagsins. Í umræðu um góða stjórnarhætti er lögð áhersla á að skýr skil séu á milli stjórnar

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 11 af 51

og starfsfólks enda rýrir það eftirlitshlutverk stjórna ef skörun er á milli stjórnar og starfsfólks innan félagasamtaka og annarra skipulagsheilda. Af þessum ástæðum skapar það togstreitu þegar undirmenn framkvæmdastjóra í félagi sitja í stjórn félags, nema sem fulltrúar starfsmanna í stjórninni. Slíkt fyrirkomulag getur boðið heim hættu á hagsmunaárekstrum milli umræddra einstaklinga. Þess má geta að tveir stjórnarmenn félagsins eru þegar þetta er skrifað einnig starfsmenn Blindrafélagsins, sá þriðji er starfsmaður Blindravinnustofunnar, en framkvæmdastjóri Blindrafélagsins er jafnframt framkvæmdastjóri Blindravinnustofunnar. Full ástæða er til að velta fyrir sér hvort slíkt fyrirkomulag sé heppilegt.

Almennt um starfshætti

Sannleiksnefndin telur ekki hlutverk sitt að fjalla sérstaklega um starfsmannahald eða stjórnskipulag Blindrafélagsins. Lög félagsins greina frá uppbyggingu félagsins en hvorki eru til sérstakar starfsreglur stjórnar eða siðareglur fyrir Blindrafélagið. Rætt hefur verið um að setja slíkar reglur en ekki hefur orðið af því ennþá.

Í samtölum nefndarinnar við félagsmenn komu fram skiptar skoðanir um skipulag félagsins. Meðal þess sem nefnt var við nefndina var að mikilvægt væri setja starfsreglur um hvernig beri að standa að ráðningu framkvæmdastjóra. Einnig er á það bent áður hafi stjórnarmaður, sem einnig var starfsmaður, sagt af sér stjórnarmennsku vegna tilmæla stjórnar og framkvæmdarstjóra en ekki er að finna ákvæði um þetta í lögum eða starfsreglum félagsins. Sannleiksnefndin tekur undir að það væri til bóta að skýrt væri kveðið á um þetta atriði og að starfsreglur um hvernig skuli staðið að ráðningu framkvæmdarstjóra væru til þess fallnar að skapa góðan frið um það starf.

Formennska Bergvins Oddssonar

Bergvin Oddsson var kosinn formaður Blindrafélagsins á aðalfundi 17. maí 2014. Hann var kjörinn með eins atkvæðis mun með 66 atkvæðum á móti 65 atkvæðum sem mótframbjóðandi hans, Rósa María Hjörvar hlaut. Í fundargerð aðalfundarins kemur einnig fram að atkvæði skiptust þannig að Bergvin hlaut 14 atkvæði á kjörstað og 52 utankjörstaðar en Rósa María Hjörvar 30 atkvæði á kjörstað og 35 utankjörstaðar. Samanlagðar atkvæðatölur þeirra töldu því 131 atkvæði sem er tvöföldun á fjölda atkvæða frá því sem verið hafði áður. Við athugun atkvæðatalna úr fyrri formannskjörum var ekki að sjá að heildarfjöldi atkvæða hafi áður farið yfir 70 atkvæði þegar lögð eru saman atkvæði greidd á kjörstað og atkvæði greidd utan kjörstaðar.

Stjórnarhættir Bergvins

Í viðtölum við sannleiksnefndina kom ítrekað fram að spenna hafi verið innan stjórnar í formannstíð Bergvins Oddssonar. Margt virðist hafa valdið henni. Að sögn viðmælenda sannleiksnefndar voru áherslur og starfshættir Bergvins sem formanns að sumu leyti frábrugðið því sem stjórnarmenn áttu að venjast. Athygli vekur að í þó nokkur skipti virðist formaður hafa knúið fram atkvæðagreiðslu um mál sem hann lagði fram, sem svo eru felld með öllum greiddum atkvæðum, utan hans eigin. Þetta var breyting frá því sem verið hafði, því fram til þessa hafði stjórn Blindrafélagsins tamið sér að ræða mál og móta í umræðum þar til góð samstaða hefði náðst um afgreiðslu. Komu þá allir, bæði aðal- og varamenn að umræðunni. Þá var til þess vísað að Bergvin hafi átt það til að fara fram úr sér og stjórninni og byrjað að vinna og útfæra hugmyndir að verkefnum Blindrafélagsins, áður en málið hafði verið kynnt stjórn eða fengið stuðning hennar. Stjórnin hafi því oft þurft að afgreiða mál „eftir á“ sem þurftu samþykki hennar. Ekki var kvartað yfir að hér væri um

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 13 af 51

að ræða verkefni sem stjórn hafi verið ósátt við, heldur hitt að þau hafi með réttu átt að koma fyrir stjórn áður en farið var að vinna þau eða skuldbinda félagið á nokkurn hátt.

Ráðning framkvæmdastjóra

Kristinn Halldór Einarsson var formaður Blindrafélagsins á undan Bergvini. Hann var ráðinn í stöðu framkvæmdastjóra þess frá 1. júlí 2014. Afgreiðslu þeirrar ráðningar má finna í fundargerð 10. stjórnarfundar starfsársins 2013-2014 sem haldinn var þann 3. desember 2013. Í fundargerðinni segir:

Að þessu loknu var rætt um ráðningu nýs framkvæmdastjóra sem tæki við starfinu frá og með 1. júlí 2014. Eftir nokkrar vangaveltur kom fram fyrirspurn um hvort núverandi formaður hefði áhuga á starfinu. KHE sagði að þetta væri áhugaverður möguleiki sem hann væri reiðubúinn að skoða ef um það kæmi fram tillaga. Hann lét þess einnig getið að ef svo færi, þá myndi hann hætta stjórnarsetu frá og með næsta aðalfundi. Að því búnu var borin fram formleg tillaga um að ráða Kristinn Halldór Einarsson í starf framkvæmdastjóra Blindrafélagsins frá og með 1. júlí 2014. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Að lokum var samþykkt að RMH, HSG og HPA myndu fyrir hönd stjórnar ganga frá starfslokasamningi við ÓH og ráðningarsamningi við KHE í samræmi við ofanritað.

Starfið var með öðrum orðum aldrei auglýst né leitað eftir öðrum mögulegum umsækjendum í það sem verður að teljast nokkur sérstakt miðað við umfang starfs framkvæmdarstjóra Blindrafélagsins. Tekið skal fram að ekki hefur tíðkast í sögu Blindrafélagsins að hafa opið ráðningarferli í þessa stöðu heldur hafa einstaklingar hingað til verið „handvaldir“ af stjórn. Eftir sem áður er það rík fagleg krafa við ráðningar í samfélaginu að stöður séu auglýstar og vandað og gegnsætt ráðningarferli viðhaft.

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 14 af 51

Stjórninni hafði verið kunnugt um það, frá vinnufundi sínum í september 2013, að þáverandi framkvæmdastjóri félagsins, Ólafur Haraldsson, hygðist láta af störfum árið 2014. Hún hafði því haft nokkuð ráðrúm til undirbúnings. Það var þó ekki fyrr en fyrir fundinn 3. desember 2013, að það kom fram í skýrslu framkvæmdastjóra sem dreift var til stjórnarmanna fyrir fundinn að hann óskaði eftir:

að láta af daglegum störfum sem framkvæmdastjóri Blindrafélagsins um mitt næsta ár (þ.e. 30. júní 2014) en jafnframt vænti ég þess að fá að gegna ýmsum sérverkefnum fyrir félagið og Blindravinnustofuna til ársloka 2014 og halda launum mínum þangað til.

Núverandi framkvæmdastjóri félagsins, Kristinn Halldór Einarsson, sagði í viðtali við nefndina að eftir að Bergvin hafi ákveðið að gefa kost á sér til formanns þá hafi honum (Kristni Halldóri) borist til eyrna að Bergvin hafi lýst því yfir að hann myndi láta reka Kristin Halldór úr starfi framkvæmdastjóra. Aðspurður um þetta, í viðtali nefndarinnar við Bergvin, sagði Bergvin það ekki rétt að hann hafi lýst þessu yfir en tók þó ekki fyrir að hann gæti hafa orðað þetta í tveggja manna tali við einhvern.

Í þessu samhengi vekur athygli frétt sem birt var á heimasíðu félagsins, á ábyrgð framkvæmdarstjóra, þann 15. maí 2014, tveimur dögum fyrir aðalfundinn 17. maí þar sem Bergvin var kjörinn. Í fréttinni segir meðal annars:

Þegar þessi aðalfundur er haldinn þá mælist staða Blindrafélagsins mjög sterk í skoðanakönnunum sem Capacent Gallup hefur gert fyrir félagið. Mikil ánægja mælist meðal félagsmanna með bæði þjónustu og hagsmunagæslu félagsins og eins hefur félagið mjög jákvæða ímynd meðal almennings samanborið við önnur sambærileg samtök. Að einhverju leyti munu kosningar til formanns félagsins snúast um hvort áfram

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 15 af 51

eigi að halda á sömu braut eða hvort ástæða sé til mikilla breytinga með nýju fólki. Mun meiri þátttaka hefur verið í utankjörfundaratkvæðagreiðslu fyrir þessar kosningar heldur en í undanförunum kosningum

Stjórnarhættir Blindrafélagsins frá maí til desember 2014

Fyrstu vikur í starfstíma nýkjörins formanns starfaði Bergvin með Ólafi Haraldssyni þáverandi framkvæmdastjóra Blindrafélagsins. Í júlíbyrjun tók Kristinn Halldór Einarsson, fyrrum formaður félagsins við starfi framkvæmdastjóra. Fyrstu tvo mánuði samstarfs formanns og framkvæmdastjóra virðast hafa gengið vel. Á stjórnarfundi þann 16. september 2014 kemur síðan fram athugasemd frá Kristni í skýrslu hans sem framkvæmdastjóra. Í sjötta lið skýrslunnar, sem bar yfirskriftina „Athugasemdir frá starfsmönnum“, eru gerðar athugasemdir við ýmis afskipti ótilgreindra stjórnarmanna af daglegum störfum starfsfólks Blindrafélagsins. Í síðari hluta greinargerðarinnar eru gerðar athugasemdir um embættisfærslur formanns Blindrafélagsins í tengslum við bjórsmökkunarnámskeið sem haldið hafði verið þann 11. september. Þar segir orðrétt:

Varðandi áfengisinnkaup, sem og öll önnur innkaup, fyrir viðburði á vegum félagsins þá er mjög mikilvægt að það allt þoli dagsljósið. Fram til þessa hafa þessi mál verið í góðu lagi og unnin í samstarfi skrifstofu og viðkomandi nefndar sem sér um viðburðinn. Á því hefur núna orðið breyting. Félagið reiðir sig á fjáraflanir á meðal almennings og ef að uppvíst verður að félagið sé að taka þátt í vafasömum og jafnvel ólöglegum viðskiptum með t.d. áfengi þá gæti það reynst félaginu dýrkeypt. Bjórsmökkunin sem skipulögð var af formanni félagsins fellur undir þetta og þar er staðan einfaldlega sú að það er ekki heimilt að skrifa uppá og heimila greiðslu vegna ólögðra nótulausra kaupa á bjór uppá 120 þúsund krónur. Ef

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 16 af 51

Þessi kostnaður verður gjaldfærður á félagið þá er um 104 þúsund króna tap á viðburðinum. Þetta eru viðskiptahættir sem eru ólöglegir og standast enga siðferðislega mælikvarða.

Svo virðist sem Bergvin hafi haldið bjórsmökkunarnámskeið þar sem veigar voru keyptar í nafni félagsins án samráðs við framkvæmdastjóra eða stjórn. Úr varð að Bergvin leysti til sín umræddar birgðir á eigin kostnað eftir að málið var kynnt á áðurnefndum stjórnarfundi.

Hvað varðar fyrri hluta athugasemda starfsmanna var bókað í fundargerð stjórnar að þónokkrar umræður hafi orðið um þennan lið og niðurstaðan að „bæta samskipti og skýra ábyrgðarsvið“, eins og það var orðað.

Á sama stjórnarfundi var tekið fyrir bréf þáverandi formanns skemmtinefndar, Dagnýjar Kristmannsdóttur, þar sem hún sagði af sér vegna óánægju með afskipti nýkjörins formanns af starfi nefndarinnar. Bergvin baðst afsökunar á þessum afskiptum og útskýrði það með reynsluleysi. Afsögn formanns skemmtinefndar stóð hins vegar.

Í október kom síðan fram tillaga frá Bergvini að ráðið yrði í stöðu aðstoðarmanns formanns, sem Bergvin taldi þörf á vegna mikilla anna í embætti. Bergvin kynnti þetta í skýrslu formanns fyrir 8. stjórnarfundi þann 7. október og var það síðan tekið á dagskrá 9. stjórnarfundar sem haldinn var þann 21. október 2014. Málið var ekki tekið til atkvæðagreiðslu heldur beindu aðrir stjórnarmenn þeim tilmælum til formanns að starfsfólk á skrifstofu félagsins yrði fengið til að létta undir með honum.

Í árslok 2014 eru tvö tilvik þar sem formaður virðist hafa tekið fram fyrir hendurnar á framkvæmdastjóra félagsins. Fyrri tilfellið var í tengslum við fyrirkomulag jólagjafa til starfsfólks og hið síðara varðaði verklag við áfengisinnkaup í nafni félagsins. Að sögn Bergvins taldi hann sig ekki geta réttlætt svo háar fjárhæðir í

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 17 af 51

jólagjafir til starfsmanna en jólin á undan hafði félagið gefið peningagjöf að upphæð 25 þúsund krónur til hvers starfsmanns í fullu starfi. Í kjölfarið voru gjafirnar færðar niður í gjafakörfu að andvirði 12.500 krónur. Þessi ákvörðun olli nokkurri óánægju meðal starfsfólks og varð úr að starfsmenn fengu val um að þiggja gjafakörfuna eða andvirði hennar í peningagjöf.

Í síðara tilvikinu tók Bergvin afganga af áfengum veitingum sem boðið hafði verið upp á, á jólahlaðborði Blindrafélagsins í desember 2014, og fór með þá heim til sín. Hann skýrði þetta svo að boðið skyldi upp á veigarnar á nýársfagnaði stjórnar sem skipulagður var 10. janúar 2015. Samkvæmt framkvæmdastjóra eru skýrar reglur um meðferð áfengis innan félagsins þar sem öllu óopnuðu afgangi víni er skilað í ÁTVR og öll innkaup og skil eru á hendi fyrirfram tilgreinds starfsmanns á vegum félagsins. Bergvin skilaði áfenginu eftir að honum hafði verið gerð grein fyrir að þetta bryti gegn verklagi félagsins.

Samskipti og stjórnarhættir janúar til september 2015

Fram hefur komið í viðtölum við stjórnarmenn og framkvæmdastjóra að verulega hafi farið að halla undan fæti í samskiptum formanns við aðra stjórnarmenn Blindrafélagsins undir lok árs 2014 og á árinu 2015.

Í ársbyrjun 2015 hafði Halldór Sævar Guðbergsson milligöngu um sáttafundi milli formanns og framkvæmdastjóra og gekk samstarf þeirra áfallalaust fram á sumar 2015. Í júní það ár kom aftur bakslag í samstarfið eftir fund sem Bergvin og Kristinn sóttu í Hafnarfirði með embættismönnum sveitarfélagsins en fundarefni var ferðapjónusta við félagsmenn Blindrafélagsins. Í stuttu máli sendi Bergvin fulltrúum

Hafnarfjarðarbæjar tölvupóst eftir fundinn þar sem hann baðst afsökunar á ummælum sem Kristinn hafði haft uppi á fundinum þar sem Kristinn hafði líkt ferðapjónustu fatlaðra, eins og hún hafi verið skipulögð, við gripaflutninga og uppskar athugasemd eins embættismanna. Sú staðreynd að Bergvin skyldi hafa beðist afsökunar á ummælunum án samráðs við framkvæmdastjóra var tilefni harðorðrar bókunar af hálfu hins síðarnefnda á næsta fundi stjórnar. Í fundargerð stjórnarfundar þann 9. júní 2015 taldi Kristinn það „jaðra við ósvífni“ að biðjast afsökunar án samráðs eða leita að frekari útskýringum hjá sér. Bergvin hafnaði í kjölfarið að biðjast afsökunar á frumhlaupi sínu, eins og það er orðað í fundargerð stjórnar. Niðurstaða umræðu stjórnar var svohljóðandi:

Niðurstaða umræðunnar var að stjórnarmenn töldu að ekki hefði verið tilefni til að biðjast afsökunar fyrir hönd félagsins, sú krafa var gerð á formann að viðhafa lýðræðislegri vinnubrögð í framtíðinni og ráðfæra sig við stjórn áður en hann gæfi út yfirlýsingar í nafni félagsins og að staða framkvæmdastjóra væri óbreytt sem aðalsamningamanns Blindrafélagsins í ferðapjónustumálum.

Strax á næsta fundi þann 23. júní 2015 bar formaður fram tillögu fyrir stjórn þar sem lagt var til að framkvæmdastjóri hætti að sitja fundi stjórnar. Sú tillaga kom fram undir liðnum önnur mál og virðist ekki hafa verið lengi í undirbúningi þar sem tillagan var felld með fjórum atkvæðum gegn einu atkvæði formanns. Í rökstuðningi með tillögunni nefndi formaður að það kosti félagið um 400 þúsund krónur á ári að framkvæmdarstjóri sitji stjórnarfundum þar sem hann fái yfirvinnu greidda fyrir þá fundarsetu. Í fundargerð síðasta stjórnarfundar fyrir 22. september, sem haldinn var 8. september 2015, er síðan gerð grein fyrir að formaður hafi fundið að störfum ritstjóra Víðsjár og hörðum umræðum sem fylgdu því. Þar er síðan skráð að formaður hafi verið tilbúinn að biðjast afsökunar en lýst

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 19 af 51

jafnframt yfir að hans upplifun væri að ritstjóri Víðsjár, Rósa María Hjörvar sem einnig er stjórnarmaður í félaginu, ynni gegn sér.

Fasteignafélagið Hnjúkur ehf.

Aðdraganda stofnunar fasteignafélagsins Hnjúks má rekja til þreifinga Bergvins Oddsonar, Odds Magna Guðmundssonar, föður Bergvins og loks Patreks Andrésar Axelssonar um að fara saman í fasteignarekstur. Ástæðu þess að Patrekur kemur til liðs við þá feðga má rekja til fjármálaráðgjafar, sem spratt upp af samtölum móður Patreks við Bergvin á fyrri hluta árs 2015. Elsta heimild um fyrirætlanir þremmenninganna er tölvupóstur sem Bergvin sendi Oddi og Patreki þann 20. apríl 2015. Þar tilkynnir Bergvin væntanlegum meðeigendum sínum að félagið yrði starfrækt frá og með 1. maí. Í stofnskrá dagsettri 15. maí kemur meðal annars fram að tilgangur félagsins eigi að vera umsýsla fasteigna þar með talið kaup, sala og útleiga þeirra. Þar kom einnig fram að stofnhlutafé félagsins yrðu sjö milljónir króna. Samkvæmt sama gagni átti hlutur hinna þriggja eigenda að skiptast á þessa leið:

- Oddur Magni Guðmundsson: 3,5 milljónir króna eða 50% eignarhlutur.
- Bergvin Oddsson: 2,1 milljónir króna eða 30% eignarhlutur
- Patrekur Andrés Axelsson: 1,4 milljónir króna eða 20% eignarhlutur.

Samkvæmt samþykktum félagsins þurfti tvo þriðju hluta stjórnarmanna til að skuldbinda félagið. Hlutafjárframlag Odds og Bergvins átti að vera í formi eigna sem þeir ætluðu að færa inn í félagið á meðan Patrekur legði fram 1,4 milljónir króna í reiðufé. Umræddar fasteignir voru einbýlishús í Súðavík, sem var í eigu Bergvins og eiginkonu hans en Oddur átti að setja í félagið fasteignina Móhelli 4, Hafnarfirði. Að frádregnum lánum var

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 20 af 51

markaðsvirði umræddra eigna áætlað 5,5 milljónir en fram kom í tölvupósti þann 30. apríl 2015 að Oddur og Bergvin ættu að leggja félaginu 100 þúsund krónur til viðbótar þessum eignunum svo hlutur þeirra yrði 80% eins og um hafði verið rætt. Í öðrum tölvupósti sama dag biður Bergvin Patrek um að millifæra hlutafjárframlag sitt inn á bankareikning í nafni Bergvins.

Væntanlegir eigendur nutu liðsinnis Theodórs S. Sigurbergssonar, löggilts endurskoðanda og eins eigenda Grant Thornton, endurskoðunarfyrtækis við að koma félaginu á fót og skrá það. Í viðtali við starfsmann sannleiksnefndarinnar tók Theodór fram að þremmingarnir virtust samstíga um markmið og hlutverk félagsins. Þar hafi meðal annars verið ræddar framtíðaráætlanir og mörgum hugmyndum kastað fram sem Theodór sagði að sér hafi þótt að mörgu leyti miklar og óraunhæfar. Að hans mati lék þó enginn vafi á því að allir eigendur væru vel upplýstir um helstu þætti rekstrarins og að þarna hafi verið komnir saman sjálfstæðir og fullveðja einstaklingar sem voru meðvitaðir um það sem þeir voru að gera.

Sú breyting var gerð að stofnhlutafé félagsins var fært niður í 500.000 krónur en gögn frá Ríkisskattstjóra, dagsett 29. maí 2015, staðfesta þá upphæð. Að sögn stofnenda var þessi niðurfærsla gerð eftir ráðgjöf Theodórs endurskoðanda sem tiltók við starfsmann sannleiksnefndar að það hafi verið sökum þess að áður nefndar eignir voru ekki tilbúnar til að færast inn í félagið við stofnun þess. Þegar Bergvin og Oddur faðir hans voru spurðir um þetta sögðu þeir ástæðuna vera þá, að töluverður kostnaður hefði falist í að færa eignirnar inn í félagið. Samkvæmt lögum er skylt að fá verðmat tveggja löggiltra fasteignasala á hvora eign áður en slíka tilfærslu má framkvæma auk þess bætist þar við þinglýsingarkostnaður. Við stofnun fyrirtækisins eru formlegar eignir þess því litlar sem engar þar sem 1400 þúsund króna framlag Patreks var lagt inn á

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 21 af 51

persónulegan reikning Bergvins og fasteignirnar fóru ekki inn í fyrirtækið með formlegum hætti.

Rekstur fasteignafélagsins Hnjúks maí 2015 til september 2015

Samkvæmt þeim gögnum sem sannleiksnefndin hefur undir höndum var stefna félagsins að selja fasteignirnar á Súðavík og Móhelli og festa kaup á íbúð í Vestmannaeyjum. Einnig voru uppi margvíslegar fyrirætlanir um hugsanleg kaup á eignum á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Þar má meðal annars nefna eignir á Snorrabraut, Skipholti, Bíldshöfða og fleiri stöðum án þess að af hefði orðið. Virðist ástæðan einkum sú að erfitt hafi reynst að selja eignina á Súðavík. Í þessu sambandi má benda á að móðir Patreks var vitundarvottur á umboðum sem Patrekur veitti sameigendum sínum til kaupa og sölu á fasteignum í upphafi júlí.

Rekstur Hnjúks einkenndist af miklum hraða í ákvarðanatöku þar sem Bergvin fór strax í upphafi að bera undir aðra eigendur fyrirætlanir um kaup á nýjum eignum og sölu annarra, sérstaklega eigninni á Súðavík. Bergvin sagði sjálfur í viðtölum sínum við sannleiksnefndina að hann teldi Patrek ekki jafnvígan sér og föður sínum þegar kæmi að viðskiptalegum ákvörðunum og má því velta upp hvort Patrekur hafi verið heppilegur viðskiptafélagi fyrir þá feðga. Fram hefur komið í samtali nefndarmanna við Patrek að fljótlega hafi farið að renna á hann tvær grímur með stöðu sína innan félagsins en í júlí og ágúst lagði Patrekur fram samtals 214 þúsund krónur til viðbótar en samkvæmt honum hafði verið skýrt tekið fram í upphafi að framlag hans í fyrirtækið takmarkaðist við upprunalegt hlutafjárframlag upp á 1,4 milljón króna. Þegar óskir komu um enn frekara framlag inn í fyrirtækið segist Patrekur hafa fengið nóg og þann 17. september óskaði hann eftir því við Bergvin að hann yrði

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

keyptur út. Daginn eftir verður umrædd óánægja á vitorði annarra stjórnarmanna Blindrafélagsins og þann 22. september er vantraust á Bergvin samþykkt á stjórnarfundi. Þann 28. september var Patrekur leystur út úr félaginu af meðeigendum sínum að kröfu lögmanns síns.

Stjórnarhættir og rekstur Hnjúks

Hér á undan hefur verið stiklað á stóru í stuttri en snarpri sögu fasteignafélagsins Hnjúks. Það hefur reynst sannleiksnefndinni þó nokkur áskorun að ná utan um starfsemi þessa félags út frá þeim gögnum sem hún hefur undir höndum. Nokkrar ástæður eru fyrir þessu. Í fyrsta lagi markast upphaf félagsins af þeirri staðreynd að engar eignir voru skráðar á kennitölu þess auk þess sem ekki var notast við kennitölu eða bankareikning félagsins við innheimtu tekna. Þess í stað virðist allt sjóðstreymi hafa farið í gegnum einkareikninga Bergvins og Odds. Hlutfjárframlag og aðrar greiðslur Patreks til félagsins fóru inn á persónulegan reikning Bergvins. Að sögn þeirra feðga kom upp eitthvert óskilgreint vandamál við stofnun bankareiknings fyrir félagið sem olli því að ekki var hægt að leggja inn á hann. Nefndin leggur ekki mat á þá skýringu utan að benda á að það vandamál hefði átt að leysa strax og það kom upp. Í annan stað var ekki haldin fundargerðarbók í félaginu, sem er skýrt brot á lögum um hlutafélög. Önnur gögn eins og tölvupóstur og árshlutareikningar eru að mörgu leyti óljós en einu tölvupóstarnir sem nefndin hefur séð komu frá Bergvini þar sem lauslega eru reifaðar hugmyndir um kaup á margvíslegum fasteignum. Ekki er að finna gögn sem sýna að meðeigendur hafi svarað þessum tölvupóstum Bergvins og staðfestu bæði Patrekur og Oddur það í samtölum við nefndina. Þá eru engin gögn til um viðbótarframlag Patreks síðla sumars 2015, hvorki lánasamningar né ákvarðanir um hlutfjárauðningu. Sömuleiðis er ekki hægt að sjá af þeim gögnum

sem nefndin hefur undir höndum hvort meðeigendur hans hafi komið með framlag á móti í hlutfalli við sína eignaraðild.

Þótt nefndinni hafi borist árshlutauppgjör fyrir félagið sem nær yfir tímabilið maí til september vantar þar inn ýmsa kostnaðarliði. Auk þess er erfitt að sjá að slíkt uppgjör sé lögmætt þegar tekið er tillit til þeirrar staðreyndar að megnið af eignum þess var aldrei skráð á félagið þar til íbúðin að Áshamri í Vestmannaeyjum var keypt í júlímánuði. Sem dæmi má nefna að orkureikningar vegna fasteignarinnar á Súðavík eru á kennitölu Bergvins og eiginkonu hans en ekki á kennitölu félagsins. Þótt nefndinni hafi borist ófullkomnar rekstraráætlanir fyrir félagið og árshlutauppgjör, sem eru áður nefndum annmörkum háð, hefur nefndin aldrei séð nein reikningsyfirlit sem skráð eru á fasteignafélagið Hnjúk, aðeins takmarkaðan hluta af yfirliti persónulegs bankareiknings Bergvins sjálfs.

Það er óumdeilt að rekstur fasteignafélagsins Hnjúks var ekki til eftirbreytni. Nægir hér að nefna þætti eins og óskráða stjórnarfundir, eignir sem aldrei færðust inn í félagið og þá staðreynd að ekki var notast við bankareikning á kennitölu félagsins. Við þetta má bæta að upplýsingagjöf á milli eigenda virðist hafa verið ábótavant. Einnig vakti það athygli nefndarinnar að undirritun og vottun kauptilboða og annarra skjala einkenndist af hraða og litlum undirbúningi. Í sumum tilvikum hafi enginn sjáandi verið viðstaddur til lesa efni skjala sem eigendur og vottar undirritunar hafi átt að skrifa undir. Hér er átt við undirritun og vottun kaupsamninga, sem Patrekur og móðir hans undirrituðu.

Þegar litið er til raunverulegra eigna félagsins er einungis hægt að telja upp fasteignina að Áshamri í Vestmannaeyjum. Þegar miðað er

við framlög eigenda á kennitölu Hnjúks virðist framlag Patreks hafa verið 53,7% af heildakostnaði þrátt fyrir eingöngu 20% eignarhlut. Þetta skýrist að mestum hluta af þeirri staðreynd að annað fjármagn var ekki komið inn í Hnjúk á þeim tíma sem Patrekur gengur út úr félaginu. Eins og áður segir var þetta verklag við yfirfærslu eigna á kennitölu Hnjúks í besta falli óheppilegt og ekki til eftirbreytni.

Það er ekki hlutverk sannleiksnefndar að meta hvort lög hafi verið brotin í rekstri fasteignafélagsins Hnjúks að öðru leyti en svo að fundargerðarbók var ekki rituð. Hins vegar er ljóst að fjölmörg aðfinnsluverð atriði má finna við rekstur þess og getur nefndin séð hvað olli óánægju og óöryggi Patreks með aðild sína að félaginu og meðferð fjármuna hans. Eftir sem áður skal tekið fram að hvergi hefur komið fram að fjárhagslegir hagsmunir fasteignafélagsins Hnjúks og Blindrafélagsins hafi legið saman á því tímabili sem til skoðunar er.

Atburðarásin frá 18. – 22. september

Eins og þegar hefur komið fram var Patrekur farinn að ókyrrast þegar leið á sumarið 2015. Hann var þá búinn að greiða viðbótarframlag til félagsins Hnjúks og Bergvin hafði sett fram hugmyndir um að Patrekur setti enn meiri fjármuni í fyrirtækið. Margrét Guðný Hannesdóttir móðir Patreks segist hafa fundið breytingar á syni sínum þegar leið að hausti. Þegar hún gekk á hann sagði hann henni frá greiðslum til Bergvins umfram þær 1400 þúsund krónur sem upphaflega hafði verið samið um. Þegar hér var komið sögu segist Patrekur hafa viljað komast út úr fyrirtækinu og sagt Bergvini það. Bergvin mun síðan hafa komið til fundar við Patrek fimmtudaginn 17. september með pappíra sem hann vildi að Patrekur skrifaði undir. Patrekur hafi aftur á móti neitað því, enda ekki búið að kynna honum sérstaklega efni þeirra skjala sem hann

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 25 af 51

var beðinn að skrifa undir. Patrekur og móðir hans, sem var heima þegar Bergvin kom til fundar með Patreki, segja að Bergvin hafa verið á óvenju mikilli hraðferð og fundurinn verið stuttur. Þegar Patrekur ítrekaði að hann myndi vilja ljúka viðskiptunum hefði Bergvin sagt að hann gæti ekki borgað Patrek út að strax að fullu en Patrekur segist hafa upplifað svar hans þannig að það myndi ekki verða. Bergvin nefndi á þessum fundi að faðir hans væri á leiðinni til Reykjavíkur og því var ákveðið að halda næsta fund tveim dögum síðar, eða laugardaginn 19. september, heima hjá Patreki. Af þeim fundi varð ekki sökum þess að Oddur kom ekki til Reykjavíkur eins og til hafði staðið og Bergvin var að bíða eftir kaupboði í eignina í Súðavík.

Föstudaginn 18. september var Margrét Guðný Hannesdóttir, móðir Patreks, á fundi í húsi Blindrafélagsins í Hamrahlíðinni með Halldóri Sævari Guðbergssyni, varaformanni í stjórn Blindrafélagsins. Á þeim fundi sagði hún Halldóri farir sínar og Patreks sonar síns ekki sléttar í samstarfi við Bergvin Oddsson formann félagsins. Í framhaldi af þessum fundi þeirra var samstarfsfundur stjórnar, nefnda og deilda Blindrafélagsins í húsnæði félagsins við Hamrahlíð. Þetta er annar tveggja slíkra funda sem haldnir eru í september og janúar ár hvert og voru því margir í húsinu. Eftir þann fund sagði Halldór Sævar, Rósu Maríu Hjörvar, Baldri Snæ Sigurðssyni og Kristni Halldóri Einarssyni frá málinu. Þau Halldór Sævar, Rósa Hjörvar og Kristinn Halldór hittust síðan aftur á fundi daginn eftir, laugardaginn 19. september, til að fara yfir málin. Aðrir stjórnarmenn og varamenn voru upplýstir um málið á sunnudeginum nema María Hauksdóttir sem fékk símtal frá Halldóri Sævari á mánudeginum. María Hauksdóttir var stödd erlendis og sagði í viðtali við sannleiksnefnd að hún hafi tjáð Halldóri Sævari að hún gæti ekki tekið afstöðu til málsins eins og það var kynnt fyrir henni í símann. Hún kom því ekki frekar að málinu.

Á laugardeginum 19. september hafði Patrekur samband beint við Kristín og sagði honum af viðskiptum sínum við Bergvín og óskaði eftir því að málið væri tekið fyrir í stjórn Blindrafélagsins. Með þessu samtali tók málið vissum „eðlisbreytingum“, að mati Kristíns, þar sem það var komið formlega inn á hans borð og vísað til stjórnar. Halldór Sævar, Rósa María og framkvæmdastjóri áttu síðan fund með lögmanni Blindrafélagsins, Páli Rúnari Kristjánssyni á laugardeginum. Hann taldi sig ekki færán til að veita Patreki lögfræðilega ráðgjöf þar sem hann væri lögmaður félagsins en mæltist til að Patrekur fengi lögmann til að gæta hagsmuna sinna. Að öðru leyti sagðist lögmaður félagsins í samtali við sannleiksnefndina ekki hafa komið að ráðleggingum um málið. Í framhaldi af fundinum með lögmanni félagsins benti Halldór Sævar Patreki á Daníel Isebarn Ágústsson lögmann sem tók að sér að gæta hagsmuna hans í málinu. Þá var einnig ákveðið að útvega Patreki sálfræðing á kostnað félagsins, þar sem málið hefði valdið honum miklu sálrænu uppnámi. Staðfesti sálfræðingur Patreks fyrir nefndinni að félagið hafi greitt 10 sálfræðitíma fyrir hann og síðar samþykkt tillögu hans um að greiða tvo tíma til viðbótar.

Þriðjudaginn 22. september hafði verið boðað til hefðbundins stjórnarfundar í félaginu samkvæmt samþykktri starfsskrá stjórnar. Á óformlegum fundi mánudaginn 21. september ákváðu allir viðstaddir stjórnarmenn að málið yrði tekið fyrir á fundinum á þriðjudeginum en Bergvín Oddsson formaður, María Hauksdóttir og Patrekur A. Axelsson, sem bæði eru í varastjórn, voru ekki á þeim fundi. Var ákveðið að Halldór Sævar myndi leggja fram tillögu í upphafi fundar um að málið yrði sett strax á dagskrá.

Á umræddum fundi mánudaginn 21. september höfðu fundarmenn, að sögn framkvæmdastjóra, í höndum frásögn móður Patreks, tölvupósta frá Bergvini til Patreks, gögn úr fyrirtækjaskrá um Hnjúk og upplýsingar um hvað Patrekur hefði greitt inn á einkareikning Bergvins. Þá höfðu þau upplýsingar um að 20% eignarhlutur Patreks af 7 milljónum stemmdi ekki við fyrirtækjaskrá þar sem skráð hlutafé var 500 þúsund og að hlutur Patreks ætti samkvæmt því að vera 100 þúsund krónur. Bergvin var ekki boðaður á þennan fund og er ekki hægt að ráða annað af samtölum við stjórnarmenn en að þeir hafi gætt þess vel að Bergvin myndi ekkert fréttu af þessum ráðagerðum. Þannig hitti Bergvin, sem var við vinnu á mánudeginum á skrifstofu sinni í húsi Blindrafélagsins við Hamrahlíð, ýmsa úr stjórninni og átti hefðbundinn samráðsfund á þriðjudagsmorgni með framkvæmdastjóra en enginn sagði honum neitt eða lét uppi hvað stæði til á fundinum. Bergvin lýsir því upplifun sinni af þessu á þann veg að vegið hafi verið að sér úr „launsátri“.

Í viðtölum við sannleiksnefndina voru stjórnarmenn og framkvæmdastjóri spurðir sérstaklega að ástæðum fyrir svo afgerandi viðbrögðum við máli Patreks. Skýrt kom fram að þau telja óeðlilegt að formaður Blindrafélagsins stundi fjármálaráðgjöf fyrir félagsmenn eða eigi í viðskiptasambandi við þá án vitundar stjórnar. Þá töldu þau sig hafa verið með næg gögn til að staðfesta óeðlilega starfsemi. Einnig er ljóst að upplýsingar um viðskipti þeirra Bergvins og Patreks komu stjórnarmönnum í opna skjöldu og það í sjálfu sér olli trúnaðarbresti að formaður skyldi ekki hafa upplýst þau um þessi fjárhagstengsl. Einn stjórnarmaður lýsti því á þann veg að Bergvin hefði sagt þeim ósatt þar sem hann hafi ekki upplýst stjórnina um þessi viðskipti við Patrek og í raun lagt ríka áherslu á það við Patrek að stjórnin eða félagið fregnaði ekkert af þessu viðskiptasambandi. Þessi trúnaðarbrestur kom í kjölfarið á langvinnnum núningi innan stjórnar einkum milli formanns og framkvæmdastjóra eins og lýst er

hér að framan. Mál Patreks var því kornið sem fyllti mælinn í hugum sumra að minnsta kosti. Loks má ráða af samtölum við ýmsa úr stjórninni að þeir hafi óttast að málið kæmist í fjölmiðla og yrði blásið þar út. Einn stjórnarmanna lýsti því, til dæmis, að hann hefði haft „ónota- og hræðslutilfinningu“ yfir mögulegri fjölmiðlaumræðu. Enn fremur var tekið fram við sannleiksnefndina að þar sem Patrekur hefði óskað eftir að stjórnin tæki á málinu hefði mátt túlka það sem veikleikamerki sem gæti hafa skaðað félagið verulega, ef stjórnin hefði ekki gert það.

Í viðtölum við sannleiksnefndina voru stjórnarmenn og framkvæmdastjóri sérstaklega spurð hvers vegna þau hefðu lagt svo ríka áherslu á að leyna vitneskju sinni fyrir Bergvini þar til að stjórnarfundi kom, að láta hann ekki vita hvað í vændum væri eða reyna að leita hans sjónarmiða á málinu. Í þessu samhengi má geta þess að lögmaður Patreks, Daníel Isebarn Ágústsson, lét í ljósi efasemdir um þessa tilhögun í samtali við framkvæmdastjóra á mánudagskvöldi, og sagði í viðtali við sannleiksnefnd að hann hafi talið réttara að gefa Bergvini andrými til að svara. Taldi lögmaðurinn að rétt hefði verið að gefa Bergvini 1-2 daga til þess en tók þó jafnframt fram að stjórninni hafi ekki verið skylt að gera það samkvæmt lögum. Framkvæmdastjóri segist hafa sagt tveimur stjórnarmönnum frá þessum efasemdum lögmannsins, Halldóri Sævari, sem rak ekki minni til þess þegar hann var spurður um það og Rósu Maríu, en þau ákveðið að halda sig við fyrri ákvörðun einkum þar sem stjórnarmenn töldu mögulegt að Bergvin tæki upp á því að fresta fundinum eða þá að hann myndi ekki mæta á fundinn.

Bæði þeir stjórnarmenn sem stóðu að þessari ákvörðun og framkvæmdarstjóri sögðu í viðtölum við nefndina að þau teldu að tíminn hafi ekki leitt neitt annað í ljós en að rétt hafi verið staðið að málum. Einn orðaði það svo að „það hefði engu breytt þó Bergvin

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 29 af 51

hefði verið upplýstur fyrirfram“. Sumir gátu þess þó að á þessum tímamarki hefði verið gott ef til hefðu verið leiðbeiningar stjórnar eða siðareglur til að fara eftir. Þá kom fram að ekki var leitað sérstakrar ráðgjafar umfram það sem þegar er lýst en þó var leitað til almannatengslaráðgjafa eftir stjórnarfundinn 22. september að sögn Halldórs Sævars sem tjáði nefndinni að hann teldi að þau hefðu átt að gera það enn fyrr.

Atburðarás frá fundi stjórnar 22. september til loka félagsfundar 30. september

Samkvæmt fundargerð stjórnarfundarins sem var 7. stjórnarfundur starfsársins 2015-16, og sjá má og heyra á heimasíðu Blindrafélagsins, voru allir stjórnarmenn mættir og allir varastjórnarmenn nema María Hauksdóttir og Patrekur Andrés Axelsson. Eftir að formaður hafði sett fundinn lagði Halldór Sævar fram tillögu um að fyrst yrðu teknar til umræðu upplýsingar sem hann hefði undir höndum sem, ef réttar væru, fælu í sér að mjög alvarlegur trúnaðarbrestur væri kominn upp milli formanns og stjórnar. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Halldór Sævar rakti það síðan hvernig Patrekur hafi komið að máli við bæði sig og Kristin Halldór um síðastliðna helgi og „óskað eftir að félagið aðstoðaði hann við að ná til baka fjármunum sem hann sagði Bergvin hafa haft út úr sér“. Fram kom að Halldór Sævar og Kristinn Halldór hafi hlýtt á frásögn Patreks, skoðað tölvupósta milli hans og Bergvins og fengið álit lögmanns Blindrafélagsins á málinu. Halldór Sævar sagði að það hafi verið sitt mat að taka þyrfti málið fyrir á vettvangi stjórnar félagsins og leita eftir skýringum Bergvins á þeim gögnum sem fyrir lágu.

Bergvin gerði ekki við það athugasemd að fjallað yrði um málið og „sagði að hann og Patrekur hefðu stofnað saman fasteignafélag í maí með föður sínum og hann skyldi skýra sína hlið á því en annars teldi hann að þetta kæmi stjórn Blindrafélagsins ekkert við“.

Halldór Sævar rakti síðan frásögn og upplifun Patreks á málavöxtum og samskiptum sínum við Bergvin. Meðal þeirra ásakana sem bornar voru upp á Bergvin voru þær að Patrekur hefði ekki verið upplýstur um efni þeirra skjala sem hann var látinn skrifa undir, hann hefði upplifað pressu frá Bergvini og að Patrekur hefði ekki mátt nefna félagið og viðskiptin við neinn í Blindrafélaginu. Þá var Bergvin sakaður um að hafa tekið dræmt í það þegar Patrekur gerði kröfu um að fá til baka þá peninga sem hann hafði lagt í félagið.

Halldór Sævar óskaði síðan eftir að Bergvin útskýrði sína hlið á málinu. Bergvin lýsti því þannig „að Patrekur hafi komið að máli við sig og leitað ráða varðandi fjárfestingar“. Auk þess sagði Bergvin að „hann hafi svo stungið upp á því við Patrek að hann kæmi til samstarfs við sig og föður sinn og saman myndu þeir stofna fasteignafélag. Bergvin ítrekaði að það væri ekkert athugavert við þetta og hann sæi ekki hvað þetta kæmi stjórn Blindrafélagsins við. Patrekur hafi síðan óskað eftir því að fara út úr félaginu og það væri sjálfsagt að kaupa hann út þegar að fjármunir til þess væru til í félaginu, sem væri ekki núna“.

Á stjórnarfundinum var Bergvini gerð grein fyrir því að búið væri að útvega Patreki lögmann til að gæta hans hagsmuna og að Halldór Sævar hefði undir höndum kröfubréf frá þeim lögmanni um endurgreiðslu þess fjár sem Patrekur hafði lagt í félagið sem og upplýsingar um starfsemi þess. Bað hann Kristin Halldór að lesa

bréfið fyrir fundarmenn en Bergvin hafði þá ekki enn fengið bréfið í hendur.

Stjórnarmenn spurðu Bergvin hvort honum myndist ekkert óeðlilegt við þessi samskipti en Bergvin kvaðst ekki sjá neitt athugavert við þetta. Halldór Sævar sagði þá „að þarna kristallaðist trúnaðarbresturinn þar sem stjórnarmönnum myndist það siðferðislega óverjandi að formaður félagsins nýtti sér trúnað og traust félagsmanna og vettvang félagsins til að fá félagsmenn til að leggja fé í persónuleg viðskiptaáform sem hann væri með á þróunum og gerði kröfu um algera þöggun svo enginn hjá Blindrafélaginu fengi vitneskju um það sem væri í gangi“.

Í viðtölum við sannleiksnefndina lagði meðal annarra Rósa María Hjörvar áherslu á að hefð væri fyrir því að félagsmenn gætu leitað til formannsins með sín persónulegu málefni. Meðal annars af þeirri ástæðu töldu viðstaddir stjórnarmeðlir, á fundi stjórnar 22. september 2015, ótækt að formaður tæki við nokkurs konar peningagreiðslu frá félagsmanni.

Bergvin vék af fundi til að gefa stjórn tækifæri á að ræða málið að honum fjarstöddum. „Stjórnarmenn voru allir sammála um að Bergvin yrði að segja af sér sem formaður Blindrafélagsins úr því að hann sæi ekkert athugavert við framgöngu sína“. Áfram segir í fundargerð: „Formaður Blindrafélagsins, sem sæi ekkert athugavert við að nýta aðstöðu sína sem formaður, til að fá félagsmenn til að leggja fé í persónuleg viðskiptaáform, væri félaginu, orðspori þess og þá um leið fjáröflunum og starfsemi, hættulegur“.

Bergvin kom svo aftur inn á fundinn og Halldór Sævar „gerði grein fyrir að stjórnin væri einhuga um að svo alvarlegur trúnaðarbrestur

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 32 af 51

væri kominn upp milli stjórnar og formanns, sem meðal annars skýrðist af algerri afneitun á að formaður teldi að hann kynni að hafa gert eitthvað rangt, þá væri stjórnin þeirrar skoðunar að formaður yrði að segja af sér, og var þess farið á leit við hann. Formaður hafnaði því alfarið og sagðist alls ekki sjá neitt tilefni til þess þar sem hann hafi alls ekki brotið af sér í starfi og því væri það fráleitt að hann segði af sér“.

Halldór Sævar lagði þá fram eftirfarandi tillögu að ályktun sem sjá má í fundargerð:

Í ljósi alvarlegs trúnaðarbrests sem upp er kominn á milli formanns Blindrafélagsins og stjórnar þess, þá lýsir stjórn félagsins yfir vantrausti á formann.

Málsatvik eru þau að formaður félagsins hefur nýtt sér vettvang þess til að véla ungan félagsmann til að leggja allt sitt sparifé í fasteignabrask honum tengt. Mál sem er komið í hendur á lögmanni.

Að mati stjórnar félagsins þá hefur formaður með athæfi sínu misnotað vald sitt og brugðist trausti þessa unga félagsmanns og þar með sýnt af sér siðferðilegt dómgreindarleysi.

Mikilvægt er að halda því til haga að ekki er um að ræða fjármuni Blindrafélagsins í þessu máli.

Stjórn félagsins samþykkir jafnframt að rifta ráðningasamningi formanns. Þá afturkallar stjórn félagsins skipun formanns sem fulltrúa félagsins í ráð og nefndir.

Stjórn Blindrafélagsins boðar ennfremur til félagsfundar miðvikudaginn 30. september til þess að kynna málið fyrir félagsmönnum.

Bókunin var samþykkt af öllum viðstöddum stjórnarmönnum að Bergvini undanskyldum sem boðaði að hann myndi senda frá sér yfirlýsingu síðar sama kvöld.

Í fundargerð kemur einnig fram að í ljósi alvarleika málsins var, að mati stjórnarmanna, talin raunveruleg hættu á að málið rataði í fjölmiðla og að félagið yrði jafnvel ásakað um að reyna að þagga málið niður, ef afstaða stjórnar lægi ekki fyrir á opinberum miðli félagsins. Framkvæmdastjóra var því falið að setja tilkynninguna á heimasíðu Blindrafélagsins svo afstaða stjórnar félagsins væri aðgengileg félagsmönnum. Þá var ljóst að samkvæmt lögum félagsins yrði að boða til félagsfundar með dagskrá með minnst viku fyrirvara, eða strax daginn eftir þann 23. september, til að hægt yrði að halda fundinn þann 30. september. Jafnframt var framkvæmdastjóra falið að boða til félagsfundar með lögsmætum 7 daga fyrirvara strax daginn eftir, sem haldinn yrði þann 30. september. Fundargerðina er að finna í heild sinni á heimasíðu félagsins

<http://www.blind.is/utgafuverkefni/fundargerdir/fundargerdir-stjornar-a-starfsarinu-2015---2016/nr/1888>.

Almennur félagsfundur 30. september

Þann 30. september var haldinn fjölsóttur félagsfundur til að ræða vantrauststillögu sem meirihluti stjórnar og varastjórnar Blindrafélagsins samþykkti á formanninn Bergvin Oddsson.

Samkvæmt hljóðupptöku fundarins sem birt er á heimasíðu félagsins þá var vantrauststillögu stjórnar dreift til fundarmanna. Síðan fengu Halldór Sævar og Bergvin hvor fyrir sig um 15 til 20 mínútur til að gera grein fyrir málinu frá sinni hlið. Halldór Sævar kynnti tildrög

vantrauststillögunnar á Bergvin og biðlaði til félagsfundarins að samþykkja gjörðir stjórnar og samþykkja að vísa formanni úr embætti. Eftir lýsingu á málavöxtum sagði Halldór Sævar „að það hefði verið óábyrgt af stjórninni að stinga málinu undir stól. Þess vegna taldi stjórnin nauðsynlegt að samþykkja vantraust á formann og rifta ráðningarsamningi við hann“.

Halldór tók það fram að það „hryggði stjórnarmenn mjög að í síðustu viku hafi Bergvin farið með málið í fjölmiðla og teldi það sprottið vegna valdabaráttu innan stjórnar félagsins. Halldór sagðist fyrir sitt leyti ekki sammála þessu og frábiðja sér slíkt“.

Tillaga frá stjórn Blindrafélagsins var lesin upp og var hún svohljóðandi:

Félagsfundur Blindrafélagsins, haldinn í Hamrahlíð 17, þann 30. september 2015, ályktar eftirgreint:

Fundurinn styður stjórn félagsins í þeirri ákvörðun að lýsa yfir vantrausti á formann Blindrafélagsins vegna misnotkunar á aðstöðu sinni í viðskiptalegum tilgangi. Fundurinn telur formanninn hafa brugðist trúnaði gagnvart stjórn félagsins og öðrum félagsmönnum.

Af þeim sökum samþykkir fundurinn að vísa Bergvini Oddssyni úr embætti formanns Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi, frá og með deginum í dag að telja.

Stjórn og varastjórn Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi

Þessi tillaga var þó ekki tekin til afgreiðslu eins og fram kemur hér síðar.

Þá gaf fundarstjóri Bergvini Oddssyni orðið, sem sagðist mundi „tala á einlægan hátt og ætla að leggja spilin á borðið varðandi þetta mál“. Þegar hann vék að vantrauststillögunni „sagðist hann vera sakaður

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 35 af 51

um siðferðilegt dómgreindarleysi. Hann sagðist ætla að spegla því alfarið yfir á stjórn Blindrafélagsins“. Bergvin sagðist hafa svarað ýmsum spurningum varðandi þetta mál á stjórnarfundinum þann 22. september en að málið hafi komið upp á laugardeginum 19. september. Hann benti á að hvorki Kristinn Halldór né Halldór Sævar hafi séð „ástæðu til þess að ræða við sig fyrir stjórnarfundinn og gagnrýndi stjórn fyrir að hafa trúnað upplýsingunum 100% og hafa ekki haft áhuga á að gefa sér færi á að safna gögnum máli sínu til varnar eða máli stjórnar til stuðnings“. Bergvin átalði stjórn fyrir að hafa ekki ígrundað málið betur, heldur komið beint fram með vantrauststillögu. Hann sagði síðan að hann teldi það bera vott um „siðferðislegt dómgreindarleysi“. Hann sagðist hafa verið spurður á stjórnarfundinum hvort hann vildi ekki segja af sér sem formaður, en hann sagðist enga ástæðu sjá til þess, því hann teldi sig ekki hafa brotið nein lög og þaðan af síður brotið einhvern trúnað við stjórn Blindrafélagsins. Í viðtölum við sannleiksnefndina sagði Bergvin síðan að hefði hann fengið einn til tvo daga í umhugsunarfrest áður en ásakanirnar voru bornar upp hefði hann líklegast samþykkt að stíga til hliðar á meðan væri verið að kafa ofan í þessi mál.

Á félagsfundinum sagði Bergvin einnig að honum þætti ámælisvert af stjórn félagsins „að fleygja þessari ályktun í fjölmiðla í staðinn fyrir að taka á málinu í rólegheitum og draga djúpt andann. Með því að fleygja þessu í fjölmiðla væri stjórn Blindrafélagsins og Kristinn Halldór Einarsson framkvæmdastjóri að tefla orðspori Blindrafélagsins í mikla hættu“.

Bergvin sagði þar frá því að deginum fyrir félagsfundinn eða þann 29. september „hafi virt kona, félagsmaður í Blindrafélaginu, haft samband við sig í því skyni að reyna að koma á sátt milli hans og stjórnar. Hún lagði til að aðalfundi yrði flýtt fram í janúar og haldinn yrði framhaldsaðalfundur um reikninga í apríl-maí. Bergvin stigi til hliðar á meðan á launum. Hann sagði við konuna og varaformann í gærkvöldi (kvöldið fyrir fundinn 30 september) að alltaf væri gott að tala saman og finna lausnir. En ef hann ætti að stíga til hliðar þá væri

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 36 af 51

lágmarkskrafa að stjórn Blindrafélagsins afturkalli þessa bókun um vantraust og uppsögn og einnig að einhverjir fleiri stigi til hliðar“. Þegar Bergvin fundaði með Halldóri Sævari morguninn fyrir félagsfundinn 30. september kom í ljós að Halldór Sævar hafði hins vegar ekki nefnt þessa tillögu við stjórn eða framkvæmdastjóra félagsins og taldi Bergvin það mjög ámælisvert. Aðspurður um þetta sagði Halldór Sævar í viðtali við sannleiksnefndina að hann hefði ekki litið á þetta sem alvöru tillögu og því ekki brugðist sérstaklega við henni.

Á fundinum sagði Bergvin „mjög þungar ásakanir felast í orðinu að véla. Viðkomandi einstaklingur væri fjárráða og stofnun fyrirtækisins hafi verið gerð í fullu samráði við Patrek og móður hans“. Undir lokin sagði Bergvin síðan: „Ég vildi líka segja við ykkur að ég hef óskað eftir því við lögfræðinginn minn að höfða skaðabótamál á aðalstjórnarmenn í stjórn Blindrafélagsins og sömuleiðis framkvæmdastjórann vegna ærumeiðandi ummæla í minn garð og ég tel að stjórn Blindrafélagsins og framkvæmdastjóri hafi einfaldlega rænt ærunni minni og drepið mannorð mitt“.

Því næst tók til máls talsmaður Patreks sem las texta frá Patreki þar sem fram kom að Patrekur hefði allan tímann verið „óöruggur um þetta viðskiptasamband. Honum var farið að líða illa, missti einbeitingu og svefn. Var einn með þetta og sagði loks móður sinni frá því hvernig mál hefðu þróast í þessum mánuði, september. Honum sagðist líða eins og hann hefði verið misnotaður.“

Fundarstjóri las síðan yfirlýsingu frá Margréti Guðnýju, móður Patreks, þar sem meðal annars kom fram að Margrét Guðný „sagðist hafa sagt Bergvini frá því. Hann ætti sjóð sem hann vildi ávaxta og Bergvin fór að ráðleggja þeim mæðginum, en hvatti Guðnýju að láta Patrek sjá um fjármál sín, hann þyrfti ekki móður sína til þess að hugsa fyrir sig“.

Bergvin svaraði þá fyrir sig „og sagði þessi viðskipti hafa verið unnin af heiðarleika“ og ekki í hlutverki sínu sem formaður Blindrafélagsins. Áréttaði hann að formaður ætti sér líf utan vinnutíma síns.

Kristinn Halldór tók þá til máls og sagði um atkvæðagreiðsluna að niðurstaða hennar „um vantraust á formann myndi skera úr hvort forystusveit þeirri, sem undanfarin ár hefur leitt félagið verði treyst áfram til góðra verka eða hvort nýir tímar séu runnir upp þar sem eðlileg siðferðismörk hafi svo gott sem verið numin á brott og það gæti auðveldlega verið túlkað af fjölmiðlum með þeim afleiðingum að fjáraflanir félagsins hryndu og við sætum uppi með félag sem væri uppnefnt siðblindrafélagið, þar sem nær allir núverandi stjórnarmenn hefðu sagt af sér.“

Sautján félagsmenn, stjórnar- og varastjórnarmenn kváðu sér hljóðs og töluðu ýmist máli stjórnarinnar, gegn vantrauststillögunni eða óskuðu eftir því að reynt yrði að leita sátta. Þá var gert fundarhlé og bar fundarstjóri í framhaldi af því upp eftirfarandi sameiginlega tillögu frá stjórn og kjörnum formanni, Bergvin Oddssyni:

1. Bergvin Oddsson formaður Blindrafélagsins, stígur til hliðar og fer í launað leyfi.
2. Aðalfundi verður flýtt og hann verður haldinn eigi síðar en 1. febrúar.
3. Sett verði á sannleiksnefnd, sem skipuð verði þremur utanaðkomandi aðilum sem stjórn og formaður verði sammála um hverjir taka sæti í. Sannleiksnefndin skili álit til stjórnar og félagsmanna fyrir næsta aðalfund.

Þar sem þessi tillaga gekk að mati fundarins lengra en vantrauststillagan og einnig lengra en önnur tillaga sem borist hafði um sáttanefnd, þá var hún tekin fyrst til umræðu og afgreiðslu.

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 38 af 51

Tillagan var borin upp og samþykkt með 97 atkvæðum gegn einu. Hljóðupptöku fundarins og fundargerð er að finna á heimasíðu félagsins. Hljóðupptökuna er að finna á slóðinni: <http://www.blind.is/utgafuverkefni/fundargerdir/hljodupptokur-adal--og-felagsfunda/nr/1870> en fundargerðina á slóðinni: <http://www.blind.is/utgafuverkefni/fundargerdir/adal-og-felagsfundir/nr/1918>

Mat sannleiksnefndar:

Í erindisbréfi sannleiksnefndar er óskað eftir því að nefndin leggi mat á eftirfarandi atriði:

- Hvort að viðbrögð stjórnar félagsins hafi í ljósi atburðarásarinnar verið rétt eða röng með hagsmuni félagsins að leiðarljósi eða hvort stjórnin hafi farið offari.
- Hvort viðbrögð stjórnarinnar megi fyrst og fremst rekja til valdabaráttu innan Blindrafélagsins og stjórnar þess.
- Að hve miklu leyti stjórnarhættir kunni að hafa skipt máli í umræddri atburðarás.

Höfðu stjórnarhættir áhrif á umrædda atburðarás?

Vantrauststillagan sem borin var upp gegn formanni Blindrafélagsins átti sér forsögu. Nánast frá upphafi formannstíðar Bergvins Oddssonar má finna merki um árekstra á milli hans og annarra stjórnarmanna annars vegar og framkvæmdastjóra, Kristins Halldórs Einarssonar, hins vegar. Ítrekað er kvartað undan því að Bergvin hafi farið inn á verk svið framkvæmdastjóra auk þess sem hann tók skuldbindandi ákvarðanir fyrir hönd félagsins án samráðs við Kristin eða stjórn Blindrafélagsins. Nægir hér að nefna umrætt bjórnámskeið ásamt áfengisinnkaupum fyrir það, starfsfund stjórnar, fyrirkomulag jólagjafa, vörslu og skil á áfengi eftir jólafund og yfirlýsingu í kjölfar fundar með embættismönnum Hafnarfjarðarbæjar.

Svo virðist að ofangreindur samskiptavandi hafi aldrei verið að fullu leystur, þrátt fyrir nokkrar tilraunir í þá átt. Með hliðsjón af þeirri staðreynd að fyrir lá skrifleg og undirrituð lýsing á þeim hlutverkum sem formaður og framkvæmdastjóri höfðu ætti verkaskipting að hafa

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 40 af 51

verið ljós. Furðu sætir að Bergvin heldur áfram að fara út fyrir verksvið og umboð sitt sem formaður allt fram á sumar 2015. Ekki verður betur séð en að formaður hafi í mörgum málum haft flesta aðra stjórnarmenn á móti sér. Nægir hér að nefna áður nefnda tillögu um setu framkvæmdastjóra á stjórnarfundum, en sú tillaga verður að teljast sérstök útfrá öllum viðmiðum um stjórnarhætti. Þó vissulega megi velta fyrir sér hvort framkvæmdastjóri eigi að fá sérstaklega greitt fyrir setu á stjórnarfundum er það almennt fáheyrt að framkvæmdastjórar félaga eða fyrirtækja sitji ekki stjórnarfundum. Samkvæmt lögum Blindrafélagsins er gert ráð fyrir því að framkvæmdastjóri staðfesti fundargerðir, sem erfitt er að sjá að hann geti gert nema með setu á fundum. Því verður að álykta að undirbúningi tillögunnar hafi verið þó nokkuð ábótavant. Af öðrum málum þar sem formaður komst lítið áleiðis gagnvart stjórn má nefna tillögu hans um að auka stöðugildi sitt úr 50% í 80%. Þessi tillaga verður einnig að teljast nokkuð vafasöm og almennt ekki talið eðlilegt að formenn frjálsra félagasamtaka séu í fullri vinnu samhliða framkvæmdastjóra.

Stjórnarhættir félagasamtaka byggja meðal annars á stjórnskipulegri uppbyggingu þeirra. Stjórnskipulag Blindrafélagsins verður að teljast nokkuð hefðbundið ef miðað er við önnur sambærileg félagasamtök á Íslandi. Starf félagsins hefur frá upphafi byggst upp á sjálfbóðaliðastarfi og ósérhlífni. Á Íslandi hefur vægi sjálfbóðaliða almennt farið minnkandi hjá hérlendum félagasamtökum (Ómar Kristmundsson og Steinunn Hrafnadóttir, 2013). Hér er Blindrafélagið engin undantekning. Stjórnarmenn þiggja laun fyrir störf sín í stjórn og flest verkefni félagsins eru unnin af launuðu starfsfólki þess. Ekki fæst séð að stjórnskipulag og vægi sjálfbóðastarfs Blindrafélagsins hafi haft áhrif á þá atburðarás sem hér er til umfjöllunar.

Með hliðsjón af þeim gögnum sem sannleiksnefndin hefur kynnt sér og upplýsingum fengnum úr viðtölum virðast stjórnarhættir Bergvins

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 41 af 51

og samskipti tengd þeim innan stjórnar hafa lagt grunninn að því uppgjöri sem átti sér stað á stjórnarfundinum 22. september 2015. Þótt sannleiksnefndin líti svo á að vantrauststillaga stjórnar og stjórnarhættir Bergvins séu tveir aðskildir þættir þá hafi sú togstreita sem myndast hafði árið á undan skerpt enn frekar átakalínur meðal stjórnar og stjórnenda Blindrafélagsins í formannstíð Bergvins Oddssonar.

Má rekja viðbrögð stjórnar til valdabaráttu?

Eins og þegar hefur verið lýst verður ekki annað séð en að hinum nýja formanni hafi mistekist að vinna þá stjórnarmenn, sem hugsanlega voru andvígir kjöri hans á sitt band. Vert er að gefa sérstaklega gaum að þessu í ljósi hins veika umboðs sem hann hlaut í kosningu til formanns. Í stað þess að leitast við að byggja brýr á milli fólks og leita sátta um afgreiðslu mála virðist hann fremur hafa gengið vasklega fram og valið að fara með álitamál í atkvæðagreiðslu. Ítrekaðir árekstrar hafa án efa haft áhrif á harða afstöðu margra stjórnarmanna þegar mál Patreks kom upp. Af því er nefndin kemst næst er ljóst að sumir stjórnarmenn hafa borið mjög takmarkað traust til formannsins og því má álykta að þeir hafi átt auðveldara með að trúá einhverju misjöfnu uppá formanninn. Sömuleiðis má álykta að það hafi haft áhrif á það mat þeirra að ekki þyrfti að gefa honum sérstakt svigrúm til andsvara fyrir stjórnarfundinn 22. september. En þrátt fyrir að hægt sé að líta á mál Patreks sem kornið sem fyllti mælinn þá kom það fram í máli margra stjórnarmanna við sannleiksnefndina að þau telji að mál Patreks hafi verið svo alvarlegt að fyrri samskipti hafi ekki skipt sköpum.

Því er nauðsynlegt að greina frekar nokkur þeirra atriða sem málið snertir og nefnd hafa verið í þessari umræðu sem lykilþættir í mati stjórnar fyrir fundinn 22. september: 1) Formaður Blindrafélagsins er

sérstakur trúnaðarmaður innan félagsins og ber að vísa fjármálaráðgjöf til sérfræðinga á því sviði; 2) Ungur félagsmaður leitar til stjórnar og er í uppnámi eftir viðskipti við formann; 3) Fjárhagstengslum formanns við félagsmann var vísvitandi haldið leyndum.

1) Margir viðmælendur sannleiksnefndarinnar lögðu áherslu á að formaður Blindrafélagsins sé í viðkvæmri stöðu gagnvart félagsmönnum því margir leiti til hans með sín persónulegu mál. Af þessari ástæðu væri nauðsynlegt að þessi samskipti hans við aðra félagaséu hafin yfir allan vafa. Í tilliti samskipta hans við Patrek skiptir einnig máli hve skammt er liðið síðan Patrekur missti sjón. Til þess er að ætlast að formaður hafi góða innsýn í það ferli sem aðlögun að sjónfötlun er, taki sérstakt tillit til þess og sýni næman skilning á þeirri viðkvæmu stöðu.

Sannleiksnefndin tekur undir það sjónarmið að mikilvægt er að formaður stjórnar Blindrafélagsins bregðist ekki því mikla trausti sem honum er sýnt. Mikilvægt er einnig að félagar geti leitað til formanns án þess að hann blandi eigin hagsmunum í ráðgjöf sína.

Félagið er hagsmunasamtök blindra og sjónskertra á Íslandi og á mikið undir almannastuðningi. Sem hagsmunasamtök fatlaðs fólks ber þeim að starfa að hagsmunagæslu og í anda mannréttinda fatlaðs fólks. Allar rannsóknir sýna að fatlað fólk verður fyrir meira ofbeldi en ófatlað fólk. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks frá árinu 2006 er sérstaklega fjallað um það í 16. grein hans. Þar segir að gera þurfi ráðstafanir í því skyni að vernda fatlað fólk, jafnt innan heimilis sem utan, fyrir hvers kyns misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum. Þar eiga hagsmunasamtök fatlaðs fólks að fara fram með góðu fordæmi og gæta þess að ekkert í stjórnarháttum þeirra eða framkomu forystumanna þeirra geti orðið til þess að félagsmenn verði fyrir slíkri misnotkun. Vegna þessa eru

gerðar ríkari kröfur til hagsmunasamtaka fatlaðs fólks en annara félaga.

Eftir því sem haft er eftir Bergvini í fundargerð stjórnarfundar 22. september á Patrekur að hafa leitað til Bergvins um fjármálaráðgjöf. Í samtölum sannleiksnefndar við bæði móður Patreks og Bergvin kemur skýrt fram að upphaf þessa viðskiptasambands hafi verið í samtölum á milli þeirra tveggja og sprottið upp úr kunningsskap Bergvins við móður Patreks. Þau hafi verið að spjalla um það hvernig best væri að ávaxta fjármuni og í framhaldi þessara samtala hafi Bergvin komið á heimili þeirra til að ræða málin frekar. Það er því vandkvæðum bundið að kveða uppúr um það hvort það samtal sem upphaflega leiddi til þessa viðskiptagjörnings beri að skoða fyrst og fremst sem samtal kunningja eða hvort hér hafi formaðurinn verið í formlegu trúnaðarsambandi við Patrek.

2) Ljóst er samkvæmt viðtölum sannleiksnefndarinnar að Patrekur upplifði misnotkun í samskiptum sínum við Bergvin. Oddur faðir Bergvins taldi hins vegar ekki að á Patrek hafi hallað að neinu leyti og sagði þetta ekki geta hafa verið misneytingu þar sem móðir hans hafi setið fyrstu stjórnarfundina með syni sínum og verið vottur að undirskriftum hans í nokkrum tilfellum.

Þeir sem þekkja Patrek eða hittu hann dagana fyrir stjórnarfundinn 22. september skynjuðu allir vanlíðan hans vegna málsins og sögðu að málið hefði augljóslega gengið mjög nærri honum. Ekki síst í ljósi þessarar vanlíðunar taldi stjórnin sér skylt að bregðast við með afgerandi hætti. Patrekur segist sjálfur hafa verið orðinn órólegur vegna viðskiptanna mörgum vikum fyrr og sagt Bergvini að hann vildi út úr fyrirtækinu. Bergvin hefði því átt að gera sér það ljóst mun fyrr að Patrekur væri orðinn uggandi um sinn hag og veita vanlíðan hans eftirtekt.

3) Flestir viðmælendur sannleiksnefndar gerðu alvarlegar athugasemdir við þá leynd sem hvíldi yfir viðskiptasambandi formannsins við Patrek. Nefndu margir „þöggun“ í því sambandi. Ekki verður séð að formanni og varastjórnarmanni hafi verið skylt samkvæmt gildandi lögum eða reglum félagsins að upplýsa stjórn félagsins um áform sín um að stofna saman fyrirtæki. Ekki er heldur hægt að halda því fram að það sé stjórnar Blindrafélagsins að hafa vit fyrir þeim í viðskiptum. Krafa Bergvins um leynd gagnvart félaginu verður hins vegar að teljast óeðlileg.

Vissulega má halda því fram að heppilegt sé að allar upplýsingar um hagsmunatengsl eigi að liggja fyrir. Þó er rétt að áréttta að engar reglur eru í gildi um að formanni sé skylt að upplýsa um öll sín fjárhagstengsl, hvorki við félagsmenn eða aðra.

Þegar þessi atriði eru tekin saman er það niðurstaða sannleiksnefndar að það sé alls ekki augljóst að formaður Blindrafélagsins hafi rofið trúnað við stjórn félagsins með því að stofna til umrædds viðskiptasambands við einn félagsmanna. Hvað sem því líður verður að ætla að á Bergvini, sem formanni hagsmunasamtaka blindra og sjónskertra á Íslandi, hvíli ríkari ábyrgð til að gæta að því að blanda ekki eigin hagsmunum við hagsmuni félagsmanna. Í þessu tilviki gæti það leitt til þess að varastjórnarmaður verði ekki frjáls að atkvæðum sínum þar sem hann er orðinn fjárhagslega tengdur formanni sínum. Sannleiksnefndin telur að formaður Blindrafélagsins hafi sýnt í þessu efni dómgreindarleysi og það hafi verið rangt hjá honum að hvetja Patrek til að fjárfesta í félagi með sér og föður sínum. Með þessari tilhögun var Patrekur frá upphafi í veikari stöðu gagnvart feðgunum. Að auki, eins og kom fram fyrr í þessari skýrslu, var ekki farið eftir lögbundinni skyldu um að halda fundargerðarbók, fjármunir

félagsmanns fóru inn á persónulegan reikning formanns, stofnfé og eignir þess urðu aðrar og minni en í upphafi var gert ráð fyrir.

Fjölmiðlaumræða og orðspor félagsins

Blindrafélagið, sem byggir að stórum hluta á velvild almennings og gjöfum, á allt undir vönduðum starfsháttum. Þegar stjórnin heyrði af máli Patreks er skiljanlegt að mönnum hafi orðið hverft við.

Fjölmiðlaumræða um fjármálamisferli eða fjármálaóreiðu hefði getað skaðað verulega orðspor félagsins. Það var því mikilvægt fyrir stjórnina að bregðast við slíkum ásökunum en sópa þeim ekki undir teppið. Það var því rétt af stjórninni að ræða málið á sínum vettvangi eftir að Patrekur leitaði til hennar.

Í viðtölum við sannleiksnefndina kom ítrekað fram ótti um fjölmiðlaumræðu og síðan ágreiningur milli stjórnarmanna og formanns um hver hefði komið málinu í fjölmiðla í kjölfar stjórnarfundarins 22. september. Að mati sannleiksnefndarinnar var ekki við öðru að búast en að einróma samþykkt stjórnar um vantraust á formann Blindrafélagsins færi í fjölmiðla. Ekki aðeins er hér um að ræða fjölmennt félag heldur var ályktun stjórnarinnar birt á vefsíðu félagsins strax að fundi loknum. Báðir aðilar málsins hlutu því að vera viðbúnir spurningum fjölmiðla. Skömmu eftir fundinn birtist frétt þar sem í fyrirsögn kom fram að formaður félagsins væri sakaður um siðferðilegt dómgreindarleysi. Stjórnin gat ekki búist við öðru en að formaður myndi leita allra leiða til að verja hendur sínar við þær aðstæður. Hafi stjórninni fyrst og fremst verið umhugað um orðspor Blindrafélagsins og hag hins unga félagsmanns má halda því fram að hún hafi orðum sínum og gerðum, ekki farið rétt að.

Til að svara spurningunni um það hvort viðbrögð stjórnarinnar megi fyrst og fremst rekja til valdabaráttu innan Blindrafélagsins getur

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 46 af 51

sannleiksnefndin strangt til tekið ekki fallist á það. Að mati nefndarinnar er erfitt að líta framhjá hjá því hvernig togstreita og spenna hafi byggst upp á milli lykilaðila þessa máls í rúmt ár áður en vantrauststillagan kemur fram. Þarna fléttast því saman valdabarátta og langvarandi togstreita milli aðila sem orðin er að persónulegum og djúpstæðum ágreiningi.

Fór stjórnin offari?

Þegar stjórnin fékk vitneskju um upplifun Patreks á viðskiptum sínum við Bergvin hafði hún undir höndum takmarkaðar upplýsingar sem í besta falli var hægt að útskýra sem viðskiptalegan ágreining en í versta falli sem fjárhagslega misnotkun formanns Blindrafélagsins gagnvart yngri félagsmanni. Svo virðist sem flestir stjórnarmenn hafi tekið ákvarðanir út frá verstu mögulegu niðurstöðu án þess að gefa Bergvini almennilegt tækifæri til að útskýra sína hlið eða undirbúa sig fyrir fundinn 22. september. Ekki verður séð að stjórnarmenn hafi í upphafi velt fyrir sér ólíkum leiðum til að taka á málinu heldur hafi það mjög fljótt farið í þann farveg að leyndu fyrir Bergvini vitneskju um málið þangað til á stjórnarfundinum. Það voru þó aðrar leiðir færar eins og að leita upplýsinga frá Bergvini og síðan fá einhvern óvilhallan til að meta málið. Í ljósi þess núnings sem hafði verið á undan og fullvissu stjórnar um alvarleika málsins hefði þeim verið í lófa lagið að fá leiðsögn utanaðkomandi aðila um hvernig halda ætti á málinu, þannig að hagsmunir félagsins og viðkomandi félagsmanns væru virtir.

Viðbrögð stjórnarmanna voru þau að ræða þetta sín á milli, útvega Patreki lögmann sem samdi kröfubréf um endurgreiðslu þess fjár sem hann lagði í félagið, halda því beinlínis leyndu fyrir Bergvini hvað gengi á og stilla honum síðan upp við vegg á stjórnarfundum með þessar upplýsingar og birta honum þar kröfubréfið. Þetta var þvert á ráð lögmanns Patreks um að gefa Bergvini umhugsunarfrest. Andmælaréttur Bergvins var því lítill sem enginn á stjórnarfundinum

22. september þar sem hann upplifði að vegið væri að honum „úr launsátri“ eins og hann lýsir því sjálfur. Hann brást því við með því að verja sig og sagðist hvorki þurfa að réttlæta neitt fyrir stjórninni né stíga til hliðar. Í viðtölum sannleiksnefndarinnar við Bergvin var ljóst að honum sárnaði þessi framganga og að ekki hefði verið rætt við hann um leið og stjórnin hafði þessar upplýsingar undir höndum. Þá fellst sannleiksnefndin ekki á þau rök stjórnar að þau hafi þurft að fara svona að vegna þess að Bergvin hefði hugsanlega frestað fundi eða ekki mætt sjálfur á fundinn. Ástæða þess er að þetta var reglubundinn fundur stjórnar og að meirihluta stjórnar þarf til að fresta fundi.

Það er niðurstaða sannleiksnefndarinnar að stjórnin hafi farið offari með þessari framgöngu sinni. Andmælarétturinn er bæði grundvallarregla íslensks réttar og grunnur mannlegra samskipta. Í honum felst að fólki er gefið tækifæri til að svara fyrir sig og útskýra sína hlið málsins þegar tveir eða fleiri deila. Sérstaklega þegar einstaklingar eru bornir þungum sökum og viðbrögðin eru með jafn afdrifaríkum hætti og vantrauststillaga stjórnar felur í sér.

Sama á við um ályktun þá sem birt var á heimasíðu Blindrafélagsins í kjölfar fundarins. Þar er notast við harkalegt orðalag þar sem formaðurinn er meðal annars sakaður um að hafa „vélað ungan félagsmann til viðskipta“. Þetta orðalag getur sannleiksnefndin ekki fallist á í ljósi þess að Patrekur er lögráða og því bæði sjálfráða og fjárráða auk þess sem móðir hans var með á fyrstu stigum stofnunar þessa félags og vottar þar skjöl og umboð sem sonur hennar skrifar undir.

Lokaorð

Málið sýnir að skerpa þarf á þeim leikreglum sem settar eru um þá sem sinna trúnaðarstörfum hjá Blindrafélaginu. Eins og áður hefur komið fram þarf að vera hafið yfir allan vafa að þeir sem kosnir eru til

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

Skýrsla febrúar 2016 Blaðsíða 48 af 51

trúnaðarstarfa hjá félaginu séu ekki þátttakendur í fjármálavafstri annars staðar sem getur haft áhrif á störf þeirra fyrir félagið og blandi ekki sínum einkahagsmunum við hagsmuni félagsmanna sem til þeirra leita. Þá er mikilvægt að á öllum stjórnarmönnum og framkvæmastjóra hvíli upplýsingaskylda um fjármálatengsl og önnur hagsmunatengsl. Upplýsingar um slík tengsl þurfa að vera aðgengilegar öllum félagsmönnum. Þetta má setja í siðareglur og eða starfsreglur stjórnar. Þá er mikilvægt að almennar reglur um andmælarétt séu virtar þegar ásakanir innan félagsins koma upp.

Þær væntingar sem koma fram um sérstakt trúnaðarsamband formanns við félagsmenn Blindrafélaginu kalla á að sé gerð grein fyrir þeim í starfslýsingu formanns. Hinar sérstöku aðstæður formanns Blindrafélagsins og annars forsvarsfólks verður að skilgreina af þessu tilefni svo félagsstarfið geti orðið farsælt til framtíðar.

Þó það hafi komið nokkrum sinnum til tals að setja siðareglur fyrir Blindrafélagið hefur ekkert orðið af því enn sem komið er. Sannleiksnefndin hvetur til þess að slíkar reglur verði settar. Við setningu slíkra reglna er mikilvægt að félagsmenn verði sem mest virkjaðir til þátttöku. Siðareglur eru reglur félagsins og verða því að njóta almenns stuðnings. Margar fagstéttir og félagasamtök sem sett hafa sér siðareglur á síðustu áratugum hafa lagt mikið upp úr því að efna til víðtækrar samræðu við félagsmenn sína við gerð slíkra reglna. Þannig vinna getur því eflt félög, starf þeirra og meðvitund félagsmanna um skyldur sínar og siðferðileg viðmið. Í tilviki Blindrafélagsins gæti slík vinna verið heilandi fyrir félagið eftir átök umliðinna mánaða.

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

8. febrúar 2016

Gestur Páll Reynisson

Helga Baldvins og Bjargardóttir

Salvör Nordal

Sannleiksnefnd Blindrafélagsins

8. febrúar 2016



Gestur Páll Reynisson



Helga Baldvins og Bjargardóttir



Salvör Nordal